

FÉLAG ÍSLENSKRA TÓNLISTARMANNA

ISLANDS TONEKUNSTNERFORENING
VEREIN ISLÄNDISCHER TONKÜNSTLER
SOCIETY OF ICELANDIC MUSICIANS

Alþingi

Erindi nr. p/13 1620
komudagur 12/2 1991

Reykjavík, 9/2/91

Menntamálanefnd neðri deildar
Þorsteinn Magnússon, ritari
Alþingi

Við þökkum fyrir bréf yðar frá 4. janúar sl. þar sem beðið er um álit á frumvarpi til laga um listamannalaun.

Um leið og við fögnum tilkomu Tónskáldasjóðs (9.gr.) viljum við gera alvarlegar athugasemdir við 10. gr., um Listasjóð. Það er ljóst að ef "verkefna-, náms-, og ferðastyrkir, sérstök framlög til listamanna" eiga að dragast frá þeim 180 mánaðarlaunum sem veitt verða í Listasjóð, þá verður lítið eftir til skiptanna fyrir þann fjölda starfandi listamanna sem falla ekki undir greinar 7, 8 og 9.

Þessir listamenn kæmu m.a. úr eftirtöldum félögum:

Félagi íslenskra tónlistarmanna (einleikarar)
Félagi íslenskra hljómlistarmanna
Félagi íslenskra leikara (þ.m.t. óperusöngvarar, listdansarar, leikmyndateiknarar o.fl.)

Félagileikstjóra á Íslandi
Félag kvikmyndagerðarmanna
Félagi íslenskra listdansara
Félagi kvikmyndaleikstjóra
Félagi tónskálda og textahöfunda
Arkítektafélagi Íslands

Því leggjum við til að úr 10. gr. verði felld setningin sem hljóðar svo: "Listasjóður veitir einnig verkefnastyrki, náms- og ferðastyrki og jafnframt sérstök framlög til listamanna", og að þannig renni ofangreind 180 mánaðarlaun óskert til listamanna úr félögunum hér að ofan m.a., svo og til þeirra sem notið hafa listamannalauna og náð hafa 60 ára aldri.

Virðingarfyllst,



Pétur Jónasson, formaður
Háteigsvegi 54
105 Reykjavík
s. 24216